



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík 20. desember 2021
Tilvísun: 2021120137

Skrifstofa Alþings, nefndarsvið
Austurstræti 8-10, 101 Reykjavík
Umhverfis- og samgöngunefnd
b/t Ingu Skarphéðinsdóttur

Efni: Svar við upplýsingabeidnum Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

Minnisblað þetta er samið hjá landamærasviði ríkislögreglustjóra (RLS) eftir beiðnir Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 16. desember, um upplýsingar vegna meðferðar 154. máls 152. þings, um framlengingu gildistíma bráðabirgðaákvæðis í loftferðalögum um tímabundnar skyldur flugrekenda/umráðenda þegar hættu er að farsóttir berist til eða frá Íslandi, og almannaheilbrigði krefst.

Með beiðnum Umhverfis- og samgöngunefndar var óskað eftir minnisblöðum um eftirfarandi. Í fyrsta lagi gögnum um heildartölu komufarþega frá því að reglur settar skv. lögum nr. 41/2021 tóku gildi, þar af hversu margir eru íslenskir ríkisborgarar og farþegar búsettir á Íslandi (EES-borgarar). Í öðru lagi um framkvæmd sóttvarnareftirlits á Keflavíkurflugvelli, með skoðun viðeigandi skjala og sýnatöku og skoðun skjala við byrðingu erlendis. Í þriðja lagi tölfræði um hversu margir hafi komið til landsins án fullnægjandi gagna og hve mörgum hafi verið vísað frá landi af þeim sökum.

1. Heildarfarþegafjöldi

Reglur um skyldur flugrekendur um að kanna með vottorð fyrir byrðingu tóku gildi þann 1. júní 2021. Á tímabilinu 1. júní til 15. desember var heildarfarþegafjöldi komufarþega til Íslands 790.944. Upplýsingar um heildarfjölda íslenskra ríkisborgara og farþega búsetta á Íslandi af heildarfarþegafjölda liggja því miður ekki fyrir þar sem þær upplýsingar eru ekki til staðar þegar þetta minnisblað var tekið saman. Hins vegar eru samkvæmt forskráningarkerfi landlæknis hlutfall íslenskra ríkisborgara 21% og EES og EFTA borgara 42%, samtals 63% af heildarfjölda komufarþega á umræddu tímabili.

2. Framkvæmd sóttvarnareftirlits

Til að varpa ljósi á framkvæmd sóttvarnareftirlits á Keflavíkurflugvelli vísar undirritaður á meðfylgjandi stöðuskýrslu starfshóps um aðgerðir á landamærum vegna COVID-19 heimsfaraldursins. Er vakin athygli á að stöðuskýrslan var unnin sem umræðuskjal og var ekki ætluð til opinberrar birtingar. Er óskað eftir því að trúnaður ríki um efni skýrslunnar sbr. 50. og 51. gr. þingskaparlaga nr. 55/1991.

3. Ófullnægjandi gögn og frávísanir á grundvelli þess

Nokkur fjöldi ferðamanna kemur á hverjum degi til landsins þar sem gögn eru ekki talin fullnægjandi. Í þeim tilvikum er lögreglan kölluð til aðstoðar en frá 1. júní til 15. desember eru skráð 440 tilvik í kerfum lögreglu. Á sama tímabili voru 27 einstaklingum frávísað á þeim grundvelli að þeir uppfylltu ekki kröfur um viðeigandi gögn við komu.

Rafræn undirritun
Reykjavík, dags. 13.12.2021
Jón Pétur Jónsson
Sviðsstjóri landamærasviðs RLS